

Staða Atvinnu með stuðningi (AMS) í Hafnarfirði í janúar 2019

Fjöldi í vinnu á almennum vinnumarkaði með stuðningi/eftirfylgni (hér eftir AMS).

Hjá Vinnumálastofnun eru 69 Hafnfirðingar skráðir í vinnu á almennum vinnumarkaði með stuðningi/eftirfylgni. Tólf Hafnfirðingar eru skráðir í atvinnuleit.

Allar upplýsingar um vinnusamninga eru á heimasíðu Vinnumálastofnunar <https://www.vinnumalastofnun.is/atvinnurekandi/vinnusamningar-oryrkja>.

Fjöldi starfa í Atvinnu með stuðningi (AMS) hjá Hafnarfjarðarbæ (deild 02504) og dreifing hjá bænum.

- Af þessum 69 Hafnfirðingum sem eru skráðir í AMS voru, í desember 2018, 21 starfsmaður í starfi í hjá Hafnarfjarðarbæ í alls 11,08 stöðugildi.
- Þar af voru:
 - 12 starfsmenn í leikskólum bæjarins
 - 5 í skólum bæjarins
 - 3 á starfsstöðvum fjölskylduþjónustunnar
 - 1 starfaði í íþróttahúsi í bænum.
- Starfshlutfall er frá 22,5% og upp í 81,25% starfshlutfall. En flestir eru í 50% starfi.
- Endurgreiðsluhlutfall er frá 25% og upp í 75%. Dreifingin er nokkuð jöfn en þó heldur fleiri með meira en 50% endurgreiðslu.

Staða reksturs á deild 02504 á árinu 2018.

- Allir sem ráðnir eru í gegnum AMS fá laun sem bókfærð eru á fjölskylduþjónustuna, burt séð frá því á hvaða starfsstöð bæjarins þeir starfa. Þessi háttur er hafður á til að stofnanir bæjarins séu líklegri til að ráða til sín starfsfólk í AMS. Starfsstöðin þarf því ekki að hafa svigrúm í sínum rekstri til að taka á móti starfsmanni með skerta starfsgetu.
- Ekki er búið að loka rekstrarárinu 2018 en staða rekstraráætlunar (á fjármunum sem fara áttu í að ráða starfsfólk í atvinnu með stuðningi hjá Hafnarfjarðarbæ) var tekin þann 28. desember fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins. Samkvæmt stöðunni þann dag fengust eftirfarandi upplýsingar:
 - Áætlun fyrir árið 2018 var í heildina 29.460.451.kr. en eftir fyrstu ellefu mánuði ársins var búið að eyða 29.753.973.kr.
 - Áætlun ársins í heild var því eitt prósent fram úr áætlun eða tæp 300.000 króna halli, en þá á eftir að greiða laun fyrir desember mánuð.
 - Staða rekstraráætlunar miðað við einungis fyrstu 11 mánuði ársins var átta prósent fram úr áætlun eða halli upp á tæpar 2,3 milljónir.

- Ekki er vitað hvort öll endurgreiðsla hafi verið komin í hús frá Vinnumálastofnun fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins og því óljós í hvaða tölu rekstur deildarinnar endar í lok árs. Það kemur í ljós þegar búið er að loka rekstrarárinu.

Reglur vinnumálastofnunar um AMS og endurgreiðsluhlutfall er á þá leið að:

- Atvinnurekandi greiðir starfsmanni á vinnusamningi laun og skilar mánaðarlega inn launaseðlum í atvinnurekendagátt. Vinnumálastofnun endurgreiðir atvinnurekanda þá hlutfall af launum og launatengdum gjöldum skv. gildandi vinnusamningi. Endurgreiðsluhlutfallið er 75% fyrstu tvö ár í starfi, hlutfallið lækkar síðan um 10% með tólf mánaða millibili þar til 25 % lágmarks endurgreiðsluhlutfalli er náð.
- Aldrei er endurgreitt fyrir meira en 100% starfshlutfall. Endurgreiðsla nær til fastra launa. Í sérstökum tilvikum er einnig endurgreitt vegna yfirvinnu, bónus- eða álagsgreiðslna, að því tilskyldu að slíkt komi fram í umsókn um vinnusamning öryrkja.

Unnið af Hrönn Hilmarsdóttur